

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. janúar 2022 í máli nr. 72/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 7. ágúst 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, f.h. Y, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Z, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu að fjárhæð 120.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 11. ágúst 2021 og 3. september 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 12. október 2021. Athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila bárust þann 13. október 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, bókkunarstaðfesting, staðfesting á greiðslu, gögn frá Booking.com vegna ágreiningsins og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, kröfubréf frá sóknaraðila til varnaraðila um endurgreiðslu, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, svo og umboð vegna reksturs málsins fyrir kærunefndinni.

Með bréfi, dags. 22. nóvember 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 13. maí árið 2021 um þjónustu varnaraðila vegna fyrirhugaðrar gistingar sóknaraðila í fasteign varnaraðila frá fimmtudegi til föstudags dagana 29. júlí til 2. ágúst 2021. Var gistingin bókuð þar sem sóknaraðili ætlaði að nýta sér gistinguna á meðan hann færi á hátíðina Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Varnaraðili tilkynnti með tölvupósti þann 13. maí 2021 að „ef það verður svo ekki þjóðhátíð má færa gistinguna yfir á næsta ár eins og nær flestir gerðu í fyrra“. Sóknaraðili greiddi 120.000 krónur fyrir gistinguna þann 14. maí árið 2021.

Vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins var hætt við að halda hátíðina árið 2021. Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila með tölvupósti þann 23. júlí 2021 og óskaði eftir endurgreiðslu. Í svari sínu sama dag sagði varnaraðili að ekki væri í boði að fá endurgreitt né að færa gistinguna. Sóknaraðila sé fært að mæta og hvatti varnaraðila hann til að nýta sér gistinguna samkvæmt bókuninni og gera sér glaðan dag þó að Þjóðhátíð færi ekki fram. Þá sagði varnaraðili að hann muni hætta rekstri í lok september og sé þar af leiðandi ekki möguleiki að færa gistinguna fram á næsta ár.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 120.000 krónur þar sem honum er ekki fært að færa gistinguna fram á næsta ár. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að við samningsgerðina hafi varnaraðili tilkynnt að hægt yrði að færa bókunina yfir á næsta ár ef Þjóðhátíð færi ekki fram árið 2021. Hafi sóknaraðili bókað gistingu eingöngu til þess að fara á hátíðina sem svo fór ekki fram. Telur sóknaraðili að varnaraðila hafi borið að standa við samning málsaðila og færa gistinguna fram á næsta ár. Þar sem það er ekki möguleiki beri varnaraðila að endurgreiða sér fjárhæðina að fullu.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Í andsvörum sínum bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi bókað gistingu til að sækja viðburð sem var aflýst. Telur varnaraðili að það sé ekki á hans ábyrgð, enda hafi sóknaraðili getað nýtt sér gistinguna. Sóknaraðili hafi greitt fyrir gistinguna og honum verið boðið að nýta hana síðar á árinu, þar til 20. september, svo og greiðslu að fjárhæð 28.200 krónur sem varnaraðili fékk við útleigu á herberginu til annars aðila á umsömdum dögum. Sóknaraðili hafnaði því boði.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili bendir í athugasemdum sínum á að skýrlega hafi verið samið um það milli málsaðila að ef ekki yrði af hátíðinni gæti sóknaraðili nýtt sér gistinguna árið eftir. Skuli túlka slíkt brot á skilmálum sóknaraðila í hag, sbr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 13. maí árið 2021 um fyrirhugaða gistingu sóknaraðila í húsnæði varnaraðila yfir verslunarmannahelgina árið 2021. Greiddi sóknaraðili 120.000 krónur fyrir gistinguna degi síðar. Sóknaraðili bókaði gistinguna með það í huga að mæta á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Áður en sóknaraðili greiddi fyrir gistinguna kom eftirfarandi fram í tölvupósti varnaraðila til sóknaraðila: „[...]ef það verður svo ekki þjóðhátíð má færa gistinguna yfir á næsta ár eins og nær flestir gerðu í fyrra“. Vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins var hátíðinni aflýst árið 2021. Sóknaraðili hafði í kjölfarið samband við varnaraðila og óskaði eftir endurgreiðslu. Varnaraðili sagði að endurgreiðsla væri ekki í boði og ekki væri hægt að færa gistinguna fram að verslunarmannahelgi næsta árs þar sem varnaraðili væri að hætta í rekstri. Var sóknaraðila boðið að nýta sér gistinguna á umsömdum degi þrátt fyrir að hátíðinni hafi verið aflýst eða að bóka gistingu síðar, fram að 20. september árið 2021. Þá bauðst varnaraðili til að greiða sóknaraðila þá fjárhæð sem varnaraðili hafði fengið vegna útleigu á herberginu yfir verslunarmannahelgina af hálfu annars aðila, alls 28.200 krónur. Sóknaraðili hafnaði því boði og krafðist endurgreiðslu. Verður að líta svo á að sóknaraðili hafi með háttsemi sinni rift samningi aðila.

Í fyrrnefndum tölvupósti varnaraðila fólst loforð og ábyrgðaryfirlýsing um að sóknaraðila væri frjálst að fresta gistingu sinni til ársins 2022 ef Þjóðhátíð yrði aflýst, og varð sú yfirlýsing hluti af samningi aðila. Þótt ekki verði séð að samið hafi verið um að sóknaraðili mætti krefjast endurgreiðslu ef hátíðin færi ekki fram, liggur nú fyrir að

varnaraðili getur ekki efnt samninginn samkvæmt efni sínu, þar sem hann hyggst hætta rekstri. Þar sem Þjóðhátíð 2021 var aflýst og varnaraðili gat ekki staðið við loforð sitt um að færa gistinguna til næsta árs er fallist á að sóknaraðila hafi verið heimilt að rifta samningnum og krefjast endurgreiðslu. Með hliðsjón af framangreindu, atvikum máls þessa og framlögðum gögnum, er fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð 120.000 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Z, greiði sóknaraðila, Y, 120.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson